

Tónlistartaugin

Tónlistarkennsla í leikskólum



Nafn skóla: Leikskólinn Dalborg

Verkefnastjóri: Karna Sigurðardóttir/Póroddur Helgason

14 – UMS – 67 2019-2020

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leikskólinn Dalborg í samstarfi við aðra leikskóla í Fjarðabyggð

Nafn verkefnis: Tónlistartaugin

Nafn verkefnisstjóra: Karna Sigurðardóttir/Póroddur Helgason

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-67 2019-2020

- Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Meginmarkmið:

- Að auka aðgang að hlustunar og tónlistarkennslu fyrir leikskóla á landsbyggðinni (og gæti einnig nýst á höfuðborgarsvæðinu).
- Að innleiða nýjar kennsluaðferðir í hlustun og tónlist í leikskólunum
- Að gefa börnum aðgang að sérhæfðri tónlistarkennslu og veita starfsfólki innsýn inn í slíka kennslu
- Að kynna æfingar og aðferðir sem má auðveldlega innleiða í daglegt leikskólastarf.

- Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Komum á samstarfi við starfsmann Háskóla Íslands, Lemme Linda Saukas, reyndan tónlistarkennara í leikskólum bæði hérlendis sem erlendis.

Heimsókn Lemme í alla leikskóla í Fjarðabyggð, þar sem starfmenn leikskólanna gátu fylgst með kennslustundum.

Samning handbókar fyrir leikskólana sem starfsmenn leikskólanna geta nýtt í kennslu.

- Frávik miðað við áætlun verkefnisins.

Einu frávikin voru breyting á tímaáætlun með leyfi Sprotasjóðs og lokaskýrslu skilað 15. júní 2020.

- Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.

Gert var ráð fyrir að ljúka verkefninu í febrúar 2020, en töf varð á verkefninu m.a. vegna þess að verkefnastjóri lét af störfum og undirritaður tók yfir stjórnun verksins. Þá hjálpaði COVID-19 ekki til.

- Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu.

Mikil ánægja var með verkefnið hjá öllum leikskólum og gríðarlega mikilvægt að geta stutt leikskólustarfsmenn með því að veita þeim aðgangi að sérþekkingu á tónlistaruppeldi. Þá er mjög mikilvægt fyrir starfsfólkið að fá að vera vitni af kennslustundum á vettvangi og fá handbók í hendur í lok verkefnisins. Þá er mikilvægt að fá stuðning frá tónlistarskólunum til þess að fylgja verkefninu eftir og festa það þannig í sessi.

- Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið fylgdi forskrift í umsókn að stærstum hluta og gekk vel. Ákveðið var að vanda til leiðarvísisins/handbókarinnar og gæta þess að efnið væri gagnlegt, vel skipulagt og með mörgum dæmum og tenglum í ítarefni. Þá var ákveðið að tengja verkefnið við tónlistarskólana í Fjarðabyggð sem koma til með að fylgja verkefninu eftir í leikskólum Fjarðabyggðar.

- Niðurstöður verkefnisins:

Lemme Linda Saukas kom austur í vikunni 24.-28. febrúar 2020 og fór í alla leikskóla Fjarðabyggðar. Í heimsókninni var hún með tónlistartíma hjá leikskólabörnum sem leikskólastarfsmenn sátu. Í minni leikskólunum voru tímar hjá öllum börnum, en í stærri skólunum hjá elstu þremur árgöngunum. Um var að ræða verklega kennslu á vettvangi þar sem starfsmenn gátu fylgst með hvernig Lemme útfærði kennsluáferðirnar sem hún hafði áður kynnt skólunum. Fyrir heimsóknina var búið að taka til hljóðfæri auk þess sem Lemme tók með sér sérhæfð hljóðfæri sem skólar höfðu ekki aðgang að.

Heimsóknin tókst afar vel þrátt fyrir mikla keyrslu og eiga bæði Lemme, leikskólastarfsmenn og leikskólabörn hrós skilið fyrir þeirra framlag. Í framhaldi af heimsókninni byrjaði Lemme á að skrifa handbók fyrir leikskólana í Fjarðabyggð og lýkur þeirri vinnu í sumar. Lemme reiknar með að skila handbókinni til skólanna síðsumars.

Uppbygging handbókar er eftirfarandi:

1. - Formáli (bls. 1)
2. - Efnisyfirlit (bls. 2)
3. - Hvernig mætti skipuleggja tónlistarkennslu (tónlistartíma) yfir önnina og tónlistaruppeldi í heild sinni (hljóða- og tónaheimur utan tímana) (bls. 3-4).
4. Uppbygging kennslustundar. (bls. 5)
5. Nánar um mismunandi þætti í tónlistartíma, grunnæfingar. (bls. 6 - 16)
 - Hlustun.
 - Rypmaæfingar.
 - Hreyfiæfingar, söngur.
 - Frjáls hreyfing eftir tónlist - spunadans.
6. Nánar um tónlistaruppeldi utan tónlistartímanna í hversdaglífi og við hátíðleg tækifæri. (bls. 17)
7. Hljóðfæri og hljóðgjafar á leikskóla, myndir. (bls. 18 - 22)
8. Hugmyndir að tón(listar)leikjum. (bls. 23 - 29)
9. Tenglar (tónlist, lög, leikir, myndbönd, greinar um tónlistaruppeldi á leikskólaaldri). (bls. 30)

Samhliða vinnu Lemme samdi verkefnastjóri við tónlistarskólana í Fjarðabyggð um eftirfylgni námskeiðsins, þannig að skólaárið 2020-2021 fara tveir tónlistarkennarar í leikskólana til ráðgjafar við starfsmenn. Gert er ráð fyrir einni heimsókn í hvern leikskóla á hvorri önn.


- Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:


Gert er ráð fyrir að verkefnið verði kynnt á haustþingi leikskóla á Austurlandið og á BRAS barnamenningarhátíð sem haldin verður á Austurlandi í september 2020.

- Rekstrarreikningur

Styrkurinn hefur allur runnið til Lemme, kostnaður við kennslu og handbókarskrif auk ferða og upphalds. Sjá viðauka.

Dagsetning: 15. júní 2020


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

